

Nr. 2.
18. jan.

Lög

um

bann við sölu og leigu skipa úr landi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bönnuð skal sala og leiga skipa út úr landinu.
Landsstjórnin getur veitt undanþágu frá banni þessu.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 þús. til 200 þús. króna. Með
mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 18. janúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.